

Nd.

272. Frumvarp til laga

[116. mál]

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI

Markmið.

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands er sjálfstæð ríkisstofnun, og er markmið hennar að efla framfarir í íslenskum iðnaði og koma á hagkvæmari vinnubrögðum í iðnaðarframleiðslu og vörudreifingu með því að:

1. Fylgjast með tæknilegum nýjungum og veita þeim, er iðnað stunda og við vörusölu fást, leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun.
2. Veita tæknilega aðstoð, m. a. með leiðbeiningum um endurbætur á vélum, húsa- kynnum, vinnutilhögun og meðferð hráefna.
3. Rannsaka afköst í einstökum greinum iðnaðarins og kynna niðurstöðurnar, svo að notum komi fyrir iðnfyrirtækin og tæknifræðsluna í landinu.
4. Gera athuganir til endurbóta á hinum ýmsu sviðum iðnaðar og vörudreifingar.
5. Koma á fót og sjá um rekstur á tæknilegu bókasafni.
6. Annast útgáfu tímarits um tæknileg efni.
7. Gangast fyrir námskeiðum, fyrirlestrum og kvikmyndasýningum um vinnuvisindi og tækni.
8. Stuðla að því, að hérlendir menn, sem starfa í þágu íslensks iðnaðar, komist til framhaldsnáms erlendis í vísindalegum, verkfræðilegum og verklegum greinum, og að erlendir kunnáttumenn á þessum sviðum heimsæki Ísland. Iðnaðarmálastofnunin skal þó ávallt nýta þekkingu og störf innlendra sérfræðinga, eftir því sem kostur er á.
9. Hafa samband og samstarf við hliðstæðar erlendar tæknistofnanir og eiga aðild að alþjóðlegum samtökum slíkra stofnana.
10. Afla upplýsinga um innlenda iðnaðarstarfsemi og aðstoða Hagstofu Íslands um útgáfu iðnaðarskýrslna.
11. Leggja grundvöll að viðurkenndum mælikvörðum eða fyrirmyndum (standards) fyrir íslenska iðnaðarframleiðslu í samræmi við það, er best þekkist erlendis, og stuðla að því, að komið verði á gæðamati iðnaðarvara.
12. Efla samvinnu milli framleiðenda, stofnana og félagssamtaka innanlands um viðleitni til framfara í íslenskum iðnaði og vörudreifingu og hafa náð samstarf við þá aðila um þessi mál.

Iðnaðarmálastofnunin kynnir almenningi árangur af störfum stofnunarinnar, eftir því sem aðstæður leyfa.

2. gr.

Iðnaðarmálastofnunin skal vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða, meðal annars með því að:

1. Fylgjast með eða hafa forgöngu um rannsóknir á skilyrðum til fullkominnar hagnýtingar á þeim hráefnum, sem landið á yfir að ráða, og skila árlegri álitssgerð til ríkisstjórnarinnar um þessi mál.
2. Vekja athygli ríkisstjórnarinnar á því, ef fluttur er inn fullunninn varningur þeirrar tegundar, sem unnt þykir og hagkvæmt að fullvinna í landinu sjálfu.

II. KAFLI

Fjármál.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal árlega, eigi síðar en í ágústmánuði, gera fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og senda hana til ráðherra með rökstuddri greinargerð.

Engar greiðslur má inna af hendi utan fjárhagsáætlunarinnar nema með samþykki ráðherra.

Reikningsár stofnunarinnar skal vera almanaksárið.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru sem hér segir:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar árlega á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til meiri háttar verkefna, sem stofnuninni verða falin af hinu opinbera, enda skal lögð fram sérstök fjárhagsáætlun í hvert skipti.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir.

III. KAFLI

Stjórn og skipulag.

5. gr.

Ráðherra skipar stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar til 4 ára í senn. Skal stjórnin skipuð 7 mönnum, og tilnefni hvert eftirtalinna félagasamtaka einn fulltrúa:

Félag ísl. iðnrekenda, Iðnsveinaráð A. S. Í., Landssamband iðnaðarmanna, Samband ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Vinnuveitendasamband Íslands, Alþýðusamband Íslands.

Ráðherra skipar formann stjórnarinnar úr hópi þessara manna.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

6. gr.

Stjórnin skal koma saman til fundar a. m. k. hálfsmánaðarlega, en auk þess þegar 2 eða fleiri stjórnarmenn óska þess. Halda skal gerðabók um alla fundi stjórnarinnar.

Stjórnin ákveður, að hvaða verkefnum Iðnaðarmálastofnunin skuli vinna hverju sinni.

Stjórnin skal ársfjórðungslega gefa ráðherra skýrslu um starfsemi stofnunarinnar.

7. gr.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, að fengnu samþykki ráðherra, er ákveður laun hans.

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum störfum Iðnaðarmálastofnunarinnar og annast um fjárreiður hennar. Hann gerir stjórninni grein fyrir störfum stofnunarinnar á milli funda, undirbýr þau mál, er stjórnin á að fjalla um, og annast um framkvæmdir á samþykktum hennar. Framkvæmdastjóri gerir tillögur til stjórnarinnar um skipun sérstakra nefnda, sérfræðinga eða fulltrúa samtaka til þess að fjalla um ákveðin verkefni, svo sem byggingarmál, verzlunarmál o. s. frv.

8. gr.

Annað starfslið stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóri að fengnu samþykki stjórnarinnar og ráðherra, sem einnig ákveður laun þess í samræmi við launalög ríkisins. Skal stjórnin setja nánari starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra og annað starfsfólk Iðnaðarmálastofnunarinnar.

9. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

10. gr.

Iðnaðarmálastofnunin skal eiga aðgang að upplýsingum, er opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða störf hennar og tilgang.

11. gr.

Iðnaðarmálastofnuninni er rétt að hafa samstarf við viðskiptadeild og atvinnudeild háskólans og aðrar opinberar rannsóknarstofnanir um þær tilraunir og rannsóknir, sem hún telur nauðsynlegt að framkvæma, og skulu rannsóknarstofnanir þessar veita henni þá aðstoð, sem þeim er unnt, enda komi fullt gjald fyrir.

12. gr.

Stofnuninni er heimilt að taka að sér verkefni í samræmi við ákvæði 1. gr. laga þessara fyrir hvern þann aðila, er til hennar leitar, enda komi fullt gjald fyrir. Skulu slík mál vera trúnaðarmál milli stofnunarinnar og þess, sem unnið er fyrir, og má stofnunin ekki opinbera þau, nema með samþykki aðila.

13. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um nánari framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.